

## Inngangur



Endurskoðun skólanámskrár Tjarnarskóla hefur staðið yfir í nokkurn tíma. Fyrirsjáanlegt er að hún verði í sífelldri mótun og taki breytingum í samræmi við þróun skólustarfsins í Tjarnarskóla og aðalnámskrá á hverjum tíma. Í skólanum eru nú um fimmtíu nemendur í 8., 9. og 10. bekk auk þess sem við höfum nú 6 sjöundu bekkinga í húsi. Tíu kennarar starfa við skólann, þar af sex í fullu starfi. Aðrir starfsmenn eru tveir; ritari og ræstitæknir. Ritarinn vinnur með kennarahópnum og er hægri hönd skólustjóra og tekur þátt í þróunarvinnunni. Þessi hópur vinnur þétt saman og leggur línur og ákveður í sameiningu áherslur í skólustarfinu. Einnig hefur verið leitað til foreldra og nemenda í hugmyndavinnu um enn betra skólustarf. Sú vinna er mikilvæg.

